

aðilja, að nafnverði kr. 729.000.00, eru séreign sóknaraðilja, Dagfinns Stefánssonar, og réttindin í Lífeyrissjóði atvinnuflugmanna eru persónuleg réttindi hans, og falla fjármunir þessir utan skipta á félagsbúi aðiljanna. Varnaraðilja, Soffía Haraldsdóttur, ber kr. 335.000.00 af óskiptu úr félagsbúi aðiljanna.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 7. júní 1972.

Nr. 201/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Ingólfi Lórentz Lilliendahl

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Bogi Nílsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Eigi þykja efni til að sinna kröfu ákærða um framhaldsrannsókn í máli þessu.

Samkvæmt fæðingarvottorði ákærða, sem fram hefur verið lagt í Hæstarétti, er hann fæddur 27. júní 1931.

Með dómi sakadóms Akureyrar, uppkveðnum 21. febrúar 1966, var ákærði dæmdur sekur um brot á 2. málsg., sbr. 4. málsg. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 svo og um brot á 1. málsg. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Var refsing ákveðin 10 daga varðhald, og sviptur var hann ökuleyfi í 12 mánuði frá dómsbirtingu. Hefur sá refsisdómur ítrekunaráhrif á brot það, sem um er fjallað í máli þessu, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um refsingu ákærða, ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, sem ákveðast kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ingólfur Lórentz Lilliendahl, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 16. nóvember 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 8. þ. m., er höfðað samkvæmt ákæruskjali saksóknara ríkisins, útgefnu 22. apríl 1970, „á hendur Ingólfi Lórenz Jakobssyni Lilliendahl, lyfjafræðingi, Goðabraut 4, Dalvík, fæddum 27. júní 1931 á Akureyri, fyrir að aka sunnudagskvöldið 8. marz 1970 undir áhrifum áfengis bifreiðinni A 2646 frá Akureyri áleiðis til Dalvíkur, allt þar til hann var stöðvaður af lögreglu skammt sunnan við Dalvík, þar sem akstri lauk.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málsatvik.

Sunnudaginn 8. marz 1970, klukkan 2245, voru tveir lögreglumenn Dalvíkur í eftirlitsferð í lögreglubifreið staddir skammt sunnan Dalvíkur, þegar þeir veittu athygli bifreiðinni A 2646, sem á móti kom, og fannst þeim akstur hennar athugaverður. Lögreglumennirnir Reimar Þorleifsson og Baldvin Magnússon

stöðvuðu bifreið þessa, og reyndist ökumaður hennar vera Ingólfur Lórenz Jakobsson Lilliendahl, ákærði í máli þessu.

Þar sem lögreglumönnum virtist ákærði vera undir áhrifum áfengis, ræddu þeir við hann í lögreglubifreiðinni, og viðurkenndi hann þar að hafa neytt áfengis. Þá tóku þeir af honum öndunarprufu, sem gaf ótvírætt til kynna, að þörf væri frekari rannsóknar.

Var ákærði síðan fluttur á lögregluvarðstofuna á Akureyri, þar sem hann var yfirheyrður jafnframt því sem honum var tekið blóð til alkóhólrannsóknar.

Með ákærða voru í bifreiðinni, þegar lögreglumennirnir stöðvuðu hann, þeir Klemenz Vilhjálmsson, Brekku, Reimar Sigurpálsson, Steindyrum, og Símon Helgason, Þverá, allir í Svarfaðardal.

Framangreind lýsing er byggð á skýrslu Reimars Þorleifssonar lögreglumanns, sem hann svo og Baldvin Magnússon lögreglu- maður hafa staðfest fyrir dómi. Ölvunareinkennum ákærða lýstu vitni þessi fyrir dómi þannig, að augu hans hafi verið vot eða fljótandi, andlit hans óvenju rjótt eða þrútið auk þess sem þau hefðu fundið af honum áfengislykt.

Við yfirheyrslu á lögregluvarðstofunni á Akureyri neitaði ákærði því að hafa nokkurn tíma neytt áfengis. Í skýrslu Kjartans Sigurðssonar lögregluvarðstjóra, sem yfirheyrði ákærða greint sinn, er útliti og öðrum einkennum ákærða þannig lýst, að áfengisþrefur af honum hafi verið talsverður, andlit þrútið, augu vot og dauf, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt, framburður greinar- góður.

Í blóðsýni ákærða, sem tekið var kl. 0020 hinn 9. marz 1970 samkvæmt vottorði Einars Jónmundssonar lækni, fundust redu- cerandi efni, sem samsvara 1.24‰ af alkóhóli. Alkóhólrannsóknin var framkvæmd á rannsóknarstofu próf. Jóns Steffensens.

Ákærði kom fyrst fyrir sakadóm hinn 23. marz 1970. Var hon- um þá kynnt skýrsla lögreglunnar á Dalvík, sem að framan er rakin. Mótmælti hann því, að nokkuð hefði verið athugavert við akstur hans, en hafði að öðru leyti ekkert að athuga við skýrsl- una og sagði hana sannleikanum samkvæma.

Ákærði kvaðst hafa verið að koma frá Akureyri greint sinn og sagðist hafa ekið sjálfur alla leiðina. Hann kvaðst hafa drukkið tvo „sjússa“ á barnum á Hótel K. E. A., skömmu áður en hann lagði af stað í ökuferðina. Sagðist hann ekki hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn.

Ákærði mótmælti niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar og sagði, að gróf mistök hefðu annað hvort orðið við blóðtökuna eða blóðrannsóknina, sem leitt hefðu til þess, að rannsóknin sýndi að minnsta kosti 1.00% of háa niðurstöðu. Byggði hann staðhæfingu sína á því, hve langt leið, frá því að hann drakk sjússana tvo þar til blóðsýnið var tekið, og á því einnig, hve lítið hann drakk.

Farþegarnir þrír, sem með ákærða voru, hafa allir gefið skýrslur fyrir dómi og staðfest þær með eiði.

Höfðu þeir ásamt ákærða tekið þátt í bridgekeppni á Akureyri umræddan dag, en að keppninni lokinni, um kl. 1900 til 2000, farið allir saman á barinn á Hótel K. E. A.

Vitnið Klemenz Vilhjálmsson, 59 ára, sagði, að þeir að undanskildum ákærða hefðu fengið sér þar eitt glas með áfengi og drukkið. Kvað það ákærða hafa hitt einhverja féлага sína, sem það ekki þekkti, og það því ekki fylgt með honum. Það segist þó hafa séð hann „lyfta glasi“.

Vitnið sagði, að þeir hefðu ekki dvalið þarna lengur en í hálfa klukkustund og þá farið allir í bifreið ákærða, sem hann ók rakleitt áleiðis til Dalvíkur, þar til lögreglan stöðvaði bifreiðina.

Vitnið sagðist ekki hafa séð nein einkenni ölvunar eða áfengisneyzlu á ákærða, en kvaðst hafa grunað, að hann hefði bragðað áfengi. Sjálfst kvaðst vitnið ekki hafa fundið til áhrifa áfengis.

Vitnið kvaðst hafa setið frammi í bifreiðinni á leiðinni og sagðist ekkert athugavert hafa fundið við aksturinn, en tók fram, að það æki ekki bifreið.

Vitnið vissi ekki til þess, að nokkur þeirra hefði haft áfengi með í ferðunum frá Dalvík eða til Dalvíkur.

Vitnið Reimar Sigurpálsson, 38 ára, sagði, að þeir hefðu allir sezt við sama borð á barnum á Hótel K. E. A. og ákærði sótt áfengi í glösum, tvöfaldan skammt af asna, að það taldi, handa þeim öllum. Ýmsir hafi komið að borðinu og ákærði brugðið sér frá um tíma.

Vitnið kvaðst hafa fengið sér aftur í glasið og taldi, að hinir, þar með ákærði, hefðu einnig gert það. Áleit vitnið, að þeir hefðu verið um það bil eina klukkustund á barnum, en síðan farið allir saman út í bifreið ákærða. Kvaðst vitnið þá hafa fundið til áhrifa áfengis.

Vitnið sagðist ekki hafa séð nein einkenni ölvunar eða áfengisneyzlu á ákærða eða hinum félögum sínum.

Vitnið sagði sér hafa fundizt óöryggi yfir akstri ákærða á leiðinni til Dalvíkur og hafi bifreiðin rásað nokkuð. Hafi það í

fyrstu talið þetta færðinni að kenna, en nokkur skafrenningur var á, en síðan hafi því farið að gruna, að þetta mundi að einhverju leyti stafa af áfengisneyzlu ákærða.

Vitnið vissi ekki til þess, að nokkur þeirra hefði haft áfengi með í ferðunum frá Dalvík eða til Dalvíkur.

Vitnið Símon Helgason, 29 ára, kvaðst hafa haft með sér eina flösku af áfengi til Akureyrar, sem það hafi drukkið, á meðan bridgekeppnin fór fram. Kvaðst það hafa gefið ýmsum spilamönnum af flöskunni, en ekki ákærða. Um dvöl þeirra á barnum á Hótel K. E. A. bar vitninu saman við Reimar Sigurpálsson að mestu. Kvaðst vitnið hafa fengið sér þar aftur í glasið, en gat ekki sagt um, hvort félagar þess gerðu hið sama. Vitnið kvaðst hafa fundið til áhrifa áfengis, þegar það fór út af barnum. Það sagðist ekki hafa séð nein einkenni ölvunar eða áfengisneyzlu á ákærða eða hinum félögum sínum, enda ekkert hugsað um það.

Vitnið sagði ákærða hafa ekið alveg eðlilega, er þeir lögðu af stað til Dalvíkur, en fannst bifreiðin rása nokkuð, eftir að komið var út fyrir Akureyri. Hafi sér dottið í hug, að það mundi stafa af áfengisneyzlu ákærða.

Vitnið Páll Lárusson Rist lögreglumaður, 48 ára, sem var vottur að því, þegar ákærði var yfirheyrður á lögregluvarðstofunni á Akureyri eftir handtökuna, sagði sér hafa fundizt ákærði þá vera talsvert undir áhrifum áfengis og af honum greinileg áfengislykt.

Ákærði krafðist þess skriflega, að ýmis atriði varðandi blóðtökuna, meðferð blóðsýnishornsins og geymslu þess fram til alkóhólrannsóknar svo og alkóhólrannsóknina sjálfa yrðu rannsökuð.

Af þessu tilefni hefur Gísli Ólafsson yfirlögreglumaður, 59 ára, lýst varðveizlu blóðsýnishornsins á lögregluvarðstofunni eftir blóðtökuna og sendingu þess til rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensens.

Þá sendi dómurinn rannsóknarstofunni fyrirspurn í bréfi, dagsettu 25. marz 1970, um meðferð rannsóknarstofunnar á blóðsýnishorni ákærða og rannsóknina sjálfa.

Í svari rannsóknarstofunnar, dagsettu 3. apríl 1970, segir: „Blóðrannsóknin var gerð á venjulegan hátt, gerð tvöföld mæling á sama blóðsýni, og varð útkoman, reducerandi efni samsvara 1.20% og 1.28% af alkóhóli, þ. e. meðalgildi 1.24%. Þennan dag barst aðeins eitt sýni frá Akureyri, og var frágangur þess í alla staði ágætur. Sýnið barst í lokuðu umslagi, og mun lögreglan í

Reykjavík hafa komið því hingað að venju. Varðandi rannsóknar- aðferðina vísast til bréfs til Hæstaréttar Íslands 23. okt. 1960 frá prófessor Jóni Steffensen, þar sem aðferðinni er lýst“.

Þá hefur komið fyrir dóminn sem vitni Einar Hilmar Jónmundsson læknir, 31 árs, og staðfest að hafa tekið blóðsýni úr ákærða umrætt sinn. Jafnframt lýsti vitnið blóðtökunni.

Vitnið kvaðst hafa álitnið, að ákærði væri undir áhrifum, annað hvort áfengis, lyfja eða taugaspennu í umrætt sinn, en sagðist hafa fundið af honum vínandalykt, þegar það tók úr honum blóðsýnishornið.

Af hálfu ákærða var því haldið fram, að hann hefði notað lyf, sem kynnu að gefa álíka svörun og áfengi í blóði. Spurður fyrir dómi kvaðst ákærði á þeim tíma, sem hann var handtekinn, hafa notað tabl. prednisoloni, 5 mg., við bólgu í baki og tekið inn 2 töflur tvisvar og síðan 1 töflu þrisvar sinnum á dag samkvæmt tilvísun læknis.

Þá kvaðst ákærði fara í c vitamíns- (ascorbicum 10%) kúra tvisvar sinnum á ári, venjulega í 10 daga hvort sinn, vor og haust, og taka þá 1 ampulu á dag. Hafi hann verið á slíkum kúr, þegar hann var handtekinn og hafði sprautað sig þann dag. Jafnframt kvaðst hann hafa tekið inn 6 töflur af prednisoloni þennan sama dag.

Dómarinn leitaði álits Læknaráðs í þessu efni með bréfi, dags. 17. febrúar s.l.

Álit ráðsins barst með bréfi þess, dagsettu 10. september s.l.

Þar segir: „... beiðzt er umsagnar um, hvort eftir greind atriði geti valdið skekkju við ákvörðun alkóhólmagns (reducerandi efna) í blóði, á hvorn veg skekkjan verði, ef einhver, og hversu mikil:

1. Blóðgjafinn hefur notað lyfið Tabl. prednisoloni 5 mg. við bólgu í baki og hefur tekið 6 töflur af lyfinu á þeim sólarhring, sem honum er tekið blóðsýnið.

2. Blóðgjafinn notar Inj. ascorbicum 10% og fær 1 skammt (ampoule) á dag í 10 daga „kúr“. Hann hefur fengið 1 þann dag, sem blóðsýnið er tekið“.

Ályktun ráðsins hljóðar þannig: „Læknaráð telur, að atriði þau, sem spurt er um í liðum 1 og 2, hafi ekki áhrif á ákvörðun alkóhólmagns með þeirri aðferð, sem um er að ræða“.

Samkvæmt þessu áliti Læknaráðs, með hliðsjón af vætti vitna um áfengisneyzlu ákærða og ölvunareinkenni greint sinn, framburði ákærða sjálfs um áfengisneyzlu sína svo og öðrum gögnum

málsins verður niðurstaða alkóhólrannsóknar á blóðsýni ákærða lögð til grundvallar í málinu.

Samkvæmt þeirri niðurstöðu og því, sem að framan er rakið um akstur ákærða greint sinn, er sannað, að hann hafi gerzt sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og varðar við þar greind lagaákvæði.

Ákærði hefur áður sætt kærnum og refsingum, eins og hér segir: 1952 12/11 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.

1962 15/3 í Hafnarfirði: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1962 15/10 í Hafnarfirði: Áminning fyrir ölvun í leigubifreið.

1965 4/8 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengis laga.

1966 21/2 á Akureyri: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá dómsbirtingu (8/4 1966).

Refsing ákærða, sem ákveðst samkvæmt þeim lagaákvæðum, sem tilfærð eru í ákæruskjali með hliðsjón af því, að brot hans er ítrekað, þykir hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Samkvæmt því, sem krafizt er í ákæruskjali, og með skírskotun til þar greindra lagaákvæða, er ákærði sviptur ökuréttindum ævilangt frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ingólfur Lórenz Jakobsson Lilliendahl, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.